

# Leitið menntunar og lífstíðarlærdóms



*Kennið þessar ritningargreinar og tilvitnanir í bænaránda eða*

*aðrar reglur, ef þörf er á því, sem verða systrunum sem þið heimsækið til blessunar. Berið vitni um kenninguna. Þjóðið þeim sem þið heimsækið að segja frá því hvað þeim finnst og hvað þær hafi lært.*

## Hvers vegna ætti ég sífellt að leitast eftir andlegri og veraldlegri menntun?

**K&S 93:36–37:** „Dýrð Guðs er vitsmunir, eða með öðrum orðum, ljós og sannleikur. Ljós og sannleikur yfirgefa þann illa.“

**Julie B. Beck, aðalforseti**

**Líknarfélagsins:** „Drottinn hefur sagt: „Þér skuluð helga tíma yðar því að nema ritningarnar“ (K&S 26:1) og að „mormónsbók og hinar heilögu ritningar hef ég gefið . . . [okkur] til leiðsagnar“ (K&S 33:16). Hver kona getur verið leiðbeinandi kenninga fagnaðarerindisins á heimili sínu og hver systir í kirkjunni hefur þörf á þekkingu sem leiðtogi og kennari. Ef þið hafið ekki vanið ykkur á og þroskað daglegan ritningarlestur nú þegar, byrjið þá núna og haldið áfram að nema svo þið búið ykkur undir ábyrgð ykkar í þessu lífi og í eilífðunum“ (“My Soul Delighteth in the Scriptures,” *Liahona*, maí 2004, 107–8).

**Thomas S. Monson forseti:** „Auk hins andlega lærdóms, er hinn veraldlegi einnig nauðsynlegur. . . . Ég hvet ykkur til að afla ykkur menntunar – ef þið gerið það ekki nú þegar eða hafið ekki gert það – svo að þið séuð viðbúnað því að afla tekna, ef aðstæður krefjast þess.“

Þegar þið lærið munuð þið þroska hæfileika ykkar. Þið verðið betur í stakk búnað til að aðstoða börnin í námi þeirra og búið yfir hugarró vegna þess að þið vitið að þið eruð viðbúnað því óvænta sem lífið færir ykkur“ (“Three Goals to Guide You,” *Liahona*, nóv. 2007, 119).

## Hvernig get ég verið lífstíðarnemandi?

**Henry B. Eyring forseti, fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu:**

„Við munum þurfa að taka erfiðar ákvarðanir um það hvernig við nýtum tíma okkar. . . . En munið að áhugi ykkar er á menntun, ekki einungis fyrir dauðlega lífi heldur fyrir eilíft líf. Þegar þið lítið skýrt á raunveruleikann með andlegri sjón, munið þið setja andlega menntun fyrst en þó ekki vanrækja veraldlega menntun. . . .“

. . . Og þar sem erfitt er að greina það sem við þurfum að vita, þöfnunumst við hjálpar himins til að vita hvað það er sem viturlegast er að nema af því ótal mörgu sem við

gætum numið. Það þýðir einnig að við getum ekki eytt tíma okkar í að skemmta okkur þegar við höfum færi á því að lesa eða hlýða á það sem hjálpar okkur að læra sannleikan og það sem gagnlegt er. Óseðjandi forvitni mun vera aðalsmerki okkar“ (“Education for Real Life,” *Ensign*, okt. 2002, 18, 19).

**Öldungur Robert D. Hales, í**

**Tólfpostulasveitinni:** „Nokkrir undirstöðu eiginleikar sem við þurfum að hafa til að verða lífstíðarnemendur er hugrekki, trúfastar langanir, auðmýkt, þolinmæði, forvitni og vilji til þess að miðla og deila þeirri þekkingu sem við öðlumst. . . .“

Kæru systur, metið ykkur aldrei smávægilega, hvorki sem konur né mæður. . . . Leyfið heiminum ekki að skilgreina ykkur né takmarka skoðanir ykkar á lífstíðarlærdómi og verðmætamati móðurhlutverkisins á heimilinu – bæði í veraldlegum og eilífum lærdómi og það sem þið veitið börnum ykkar og förunauti til hagsældar.

Lífstíðarlærdómur er nauðsynlegur fyrir lífsþrótt huga mannsins, líkama og sálar. Hann eykur sjálfvirðingu og sjálfshvatningu. Lífstíðarlærdómur er andlega hressandi og er mikil vernd gegn sársauka, þunglyndi og sjálfsefa“ (“The Journey of Lifelong Learning,” í *Brigham Young University 2008–2009 Speeches* [2009], 2, 8–9).